

Áfangalýsing – ENS204



Menntaskóli Borgarfjarðar

Námsgrein: Enska 204

Fjöldi framhaldsskólaeininga: 4

Undanfari: Enska 103

Lýsing á efni áfangans:

Í áfanganum er lögð áhersla á sjálfstæðan lestur, málfræði, verkefnagerð og talmál. Kennsla fer fram á ensku og ætlast er til þess að nemendur svari kennara á ensku. Einnig er mikilvægt að nemedur geti með góðu móti lesið 3 skáldsögur yfir önnina og gerðar eru meiri kröfur um sjálfstæð vinnubrögð en í Ensku 103. Áfram er haldið með alhliða tal og talmálsþjálfun með mismunandi hætti en Veraldarvefurinn er ótæmandi upplýsingabanki þar sem nemendur sjálfir afla sér upplýnga og geta þannig hlustað á tónlist, notið upplesturs og annars konar fræðslu. Nemendur eiga að geta lesið talsvert þunga texta t.d. úr dagblöðum, tímaritum og kunna skil á þeim ólíku skáldverkum sem tekin verða til umfjöllunar og unnin verða verkefni úr. Áhersla er lögð á að auka orðaforða og nemendur eiga að geta skilið einfalt, ótextað sjónvarpsefni eða hlustunarefni og getað fylgst með og skilið orðaræðu um ólíka efnisflokka, en til þess nýtum við þá miðla sem völ er á. Unnið er með valda kafla úr kennslubók, 3 skáldsögur, efni á Netinu og eða það sem útbúið er af kennara. Í skriflega þættinum er gerð krafa um flóknari setningaskipan, námkvæmari orðaforða og skipulegri framsetningu en í fyrri áfanga.

Kennslugögn:

Total English, Advanced, text book
Of Mice and Men: John Steinbeck
A View from the Bridge: Arthur Miller
No 1 Ladies' Detective Agency: Alexander, McCall- Smith
Gagnvirkar málfræðiæfingar á Netinu
Snara.is, Orðabók.is,
eða Orðabók: ensk-íslensk

Námsmat: Símat, sem felst í einni ritgerð, þremur könnunum, myndbandagerð og mismunandi verkefnavinnu 60%, hópavinnu þar sem nemendur vinna saman og kynna verkefni sín 15%, nemendur meta frammistöðu hvers annars 5%, munnlegt próf 10% og sjálfsmat í lok annar 10%.

Lokamarkmið áfanga:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á :

- að þekkja til ólíkra enskumælandi menningarheima, t.d. Ástralíu, Nýja Sjálandi
- kunni skil á ólíkum þjóðfélagsaðstæðum bæði í Bretlandi og N-Ameríku
- fái innsýn inni daglegt líf og menningu, t.d. stjórnmál, landafræði, trúarbrögð

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tileinka sér sjálfstæð vinnubrögð
- ná betra valdi á talmáli með samskiptum á ensku í kennslustundum
- nota tölvuna við almenna gagnaöflun, t.d. við ritgerðasmíð
- fá aðgengi að upplýsingum og að vinna úr þeim á nákvæmari hátt

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- átta sig á bakgrunni ensks samfélags í dag og sögu enskrar tungu
- geta unnið með þá ólíku efnisflokka sem farið verður í á önninni
- glíma við erfiðari bókmenntatexta
- átta sig á tengingu við önnur fög í náminu í gegnum enskuna